

Eftirfarandi er útdráttur úr tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar til ráðherra, en skýrslan birtist á [vefsvæði rammaáætlunar](#) í maí 2025. Röksemdafærsla verkefnisstjórnar fyrir flokkun Sólheima í biðblokk er á bls. 33 og er sem hér segir:

Mat faghópa: Faghópur 1 metur verðmæti svæðisins vegna fuglalífs hátt sem og áhrif á það. **Bent er sérstaklega á farleiðir hafarna og eins nálæg mikilvæg fuglasvæði.** Í mati faghóps 2 á áhrifum á ferðaþjónustu og útivist flokkast kosturinn um miðbik þeirra sem skoðaðir voru. Í mati faghóps 3 koma fram ýmis áhrif, bæði jákvæð og neikvæð. Í mati faghóps 4 kemur fram að **tengikostnaður sé hár.**

Almennur rökstuðningur: Í mati faghópanna eru ýmsir þættir sem gera staðsetningu vindorkuvers á Sólheimum ákjósanlega og svo aðrir sem draga úr því. Þetta svæði býr yfir ríkulegu fuglalífi og hefur verið skilgreint sem **mikilvægt fuglasvæði**. Miklu skiptir svo að endurtekin og fullkomnari gögn yfir **farleiðir hafarna** sýna að Laxárdalur er mikilvæg farleið þeirra milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Ekki er að sjá annað en endurteknar rannsóknir á því haldi áfram að staðfesta það.

Niðurstaða verkefnisstjórnar: Biðflokkur

Helstu rök: Nú liggja fyrir mælingar á **farleiðum hafarna** hér á landi yfir töluverðan tíma. Í þeim kemur í ljós að Laxárdalur og staðsetning vindorkuvers á Sólheimum er í **meginfarleið hafarna**. Ólíklegt er að frekari mælingar leiði annað í ljós, þar sem endurteknar rannsóknir undanfarin ár sýna **mikla umferð arna** yfir þetta svæði. Tillaga verkefnisstjórnar er að flokka kostinn í biðflokk, en **líklegt má telja að fyllri gögn um farleiðir hafarna sýni að Sólheimar skuli flokkast í verndarflokk**, enda teljist vernd hafarnarstofnsins verulega mikilvægir náttúruverndarhagsmunir á þessu landssvæði. Það mun þá einnig eiga við um Hrútavirkjun, sem er í sömu farleið.